

HF. EIMSKIPAFÉLAG ÍSLANDS SAMÞYKKTIR

I. kafli

Nafn félagsins, heimili og tilgangur

1. gr.

Félagið er hlutafélag og nafn þess er Hlutafélagið Eimskipafélag Íslands (Hf. Eimskipafélag Íslands).

2. gr.

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Heimilisfang félagsins er að Korngarðar 2, Reykjavík.

3. gr.

Tilgangur félagsins er rekstur, eignarhald og fjárfestingar í félögum í flutningastarfsemi og annar skyldur rekstur.

II. kafli

Hlutafé félagsins

4. gr.

Hlutafé félagsins er 1.793.599.135 kr (Einn miljarður sjöhundruð nítíu og þrjár milljónir fimm hundruð nítíu og níu þúsund eitthundrað þrjátíu og fimm) og skiptist í jafn marga hluti að fjárhæð ein króna hver. Eitt atkvæði fylgir hverri krónu.

Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins í einu lagi eða í áföngum um allt að 406.400.865 kr. með áskrift nýrra hluta. Stjórn félagsins skal ákveða nafnverð nýrra hluta, útboðsgengi og greiðslukjör í samræmi við V. kafla laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Hluthafar falla frá forgangsrétti sínum til áskriftar að hinum nýju hlutum skv. heimild í 34. gr. hlutafélagalaga. Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skráningardegi hlutafjárhækkunarinnar. Stjórn félagsins er heimilt að ákveða að áskrifendur greiði fyrir hina nýju hluti að hluta eða öllu leyti í öðru en reiðufé. Heimild stjórnar félagsins til hlutafjárhækkunar samkvæmt þessari málsgrein fellur niður þann 21. nóvember 2011 að því marki sem hún er þá enn ónotuð.

Hluthafafundur, haldinn 21. nóvember 2006, samþykkir, með vísan til VI. kafla hlutafélagalaga, einkum 48. gr., að heimila stjórn að taka lán er veitir lánadrottni rétt til þess að breyta kröfu sinni á hendur félaginu í hlut í því. Skal stjórninni heimilt að gefa út skuldaskjöl að fjárhæð allt að CDN\$ 100,000,000 sem beri 15% fasta ársvexti sem skulu reiknast frá útgáfudegi skuldaskjala. Skal eiganda þeirra heimilt að breyta skuldinni í hluti í félaginu í stað þess að fá skuldina greidda með reiðufé. Skuldinni má breyta í hluti hvenær sem er fyrir eindaga (Maturity date) sem tilgreindur er í skuldaskjöllum sem skal vera eigi síðar en 31. desember 2011. Skal eiganda skuldaskjala heimilt að krefjast breytingar með skriflegri tilkynningu með 5 virkra daga fyrirvara hvenær sem er á tímabilinu og skal skuldin þá reiknuð þannig að bæta skal við höfuðstól áföllnum vöxtum og þeirri fjárhæð getur skuldareigandi breytt í hluti í félaginu á genginu 40. Um breytingu skuldarinnar í hluti gilda ákvæði 4. mgr. 47. gr. hlutafélagalaga.

Skal stjórn félagsins heimilt að hækka hlutafé félagsins um allt að kr. 200,000,000 að nafnverði til að efna ofangreinda skuldbindingu. Falla hluthafar frá forgangsrétti til áskriftar að hlutum sem gefnir verða út skv. þessari heimild. Hinir nýju hlutir skulu

veita réttindi í félaginu frá skráningardegi hlutafjárhækkunar. Heimild þessa má stjórnin nýta í áföngum á næstu 5 árum.

Ef hlutafé félagsins er hækkað eða lækkað á lánstímanum skal réttur eiganda skuldaskjala haldast óbreyttur, sama gildir ef ný breytanleg skuldabréf, skuldaskjöl eða áskriftarréttur er gefinn út á tímabilinu. Verði félagið sameinað eða yfirtekið af öðru félagi skal réttur skuldareiganda haldast óbreyttur.

Félagið samþykkir að hækka ekki hlutafé félagsins um fjárhæð sem gerir eiganda bréfsins ómögulegt eða ólöglegt að breyta eftirstöðvum skuldarinnar í hlutafé, án samþykkis skuldareiganda sem ekki skal synja beiðnarinnar að ófyrirsynju. Verði tillaga þessi samþykkt skal bæta við samþykktir félagsins sem bráðabirgðaákvæði sýnishorni skuldaskjala.

Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár.

5. gr.

Stjórn félagsins er heimilt að ákveða að hlutabréf þess skuli skráð með rafrænum hætti í samræmi við ákvæði laga nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

6. gr.

Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá í löggiltu formi.

Útskrift frá verðbréfamíðstöð um eignarhald á hlutum í félaginu telst fullnægjandi grundvöllur að hlutaskrá og veitir hún full réttindi þau er samþykktir félagsins mæla fyrir um.

Hlutaskráin skal geymd á skrifstofu félagsins og eiga allir hluthafar aðgang að henni og mega kynna sér efni hennar.

7. gr.

Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu. Hluthafar eru ekki skyldir að þola innlausn á hlutum sínum.

8. gr.

Félaginu er heimilt að eiga og taka að veði eigin hluti í samræmi við ákvæði VIII. kafla laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

9. gr.

Hluti í félaginu má selja og veðsetja nema annað leiði af lögum.

Eigendaskipti að hlutum, hvort sem verður fyrir sölu, gjöf, erfð, búskipti eða aðför, skal ávallt tilkynna skrifstofu félagsins jafnskjótt og þau fara fram og skal þá breyta hlutaskrá til samræmis.

Sá sem eignast hluti í félaginu getur ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutnum.

Gagnvart félaginu skal hlutaskráin skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu, og skal arður á hverjum tíma, svo og jöfnunarhlutabréf, fundarboð og tilkynningar allar, sendar til þess aðila, sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hlutar í hlutaskrá félagsins. Arður skal greiddur þeim sem skráðir eru í hlutaskrá í lok aðalfundardags nema félaginu berist tilkynning um að arður hafi verið

framseldur með framsali hlutafjár. Ber félagið enga ábyrgð á því, ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna þess að vanrækt hefur verið að tilkynna félaginu um eiganda- eða aðsetursskipti.

10. gr.

Hver hluthafi er skyldur til, án sérstakrar skuldbindingar, að hlíta samþykktum félagsins eins og þær eru nú eða eins og þeim kann síðar að verða breytt á löglegan hátt.

Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram hlutafé sitt í félaginu.

III. kafli Hluthafafundir

11. gr.

Æðsta vald í málefnum félagsins, innan þeirra marka sem samþykktir þessar og landslög setja, er í höndum lögmætra hluthafafunda.

Rétt til að sækja hluthafafundi félagsins hafa hluthafar, umboðsmenn þeirra og ráðgjafar, endurskoðandi félagsins og framkvæmdastjóri.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð. Umboð gildir aldrei lengur en fimm ár frá dagsetningu þess. Umboð má hvenær sem er afturkalla.

Hluthafa er heimilt að sækja fund ásamt ráðgjafa. Ráðgjafi hefur hvorki málfrelsi, tillögurétt né atkvæðisrétt á hluthafafundum.

Endurskoðandi félagsins og framkvæmdastjóri hafa fullt málfrelsi og tillögurétt á hluthafafundum, þótt þeir séu ekki hluthafar.

Stjórn félagsins er heimilt að bjóða sérfræðingum setu á einstökum fundum, ef leita þarf álits þeirra eða aðstoðar.

12. gr.

Aðalfund skal halda fyrir lok maímánaðar ár hvert.

Til aðalfundar skal boða með auglýsingu í dagblaði eða á annan sannanlegan hátt. Fundarefnis skal getið í fundarboði. Ef taka á til meðferðar tillögu til breytinga á samþykktum félagsins, skal greina meginefni tillögunnar í fundarboði.

Aðalfund skal boða með minnst viku en lengst fjögurra vikna fyrirvara. Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað, án tillits til þess hversu margir sækja hann.

Heimilt er að ákveða að hluthafar geti tekið þátt í fundarstörfum hluthafafunda með rafrænum hætti án þess að vera á fundarstað. Hluthafar sem hyggjast nýta sér rafræna þátttöku skulu tilkynna skrifstofu félagsins þar um með 5 daga fyrirvara og leggja þar fram skriflegar spurningar varðandi dagskrá eða framlögð skjöl sem þeir óska svara við á fundinum.

Telji stjórn að tiltækur sé nægilega öruggur búnaður til að gera slíka þátttöku mögulega og ákveði stjórn að nýta þess heimild skal þess sérstaklega getið í fundarboði.

Hluthafar skulu hafa aðgang að leiðbeiningum um fjarskiptabrunað til þátttöku í hluthafafundi með rafrænum hætti og aðgangsorði. Jafngildir innslegið aðgangsorð í tölvuforrit, undirskrift viðkomandi hluthafa og telst staðfesting á þátttöku hans í hluthafafundinum.

Stjórn er einnig heimilt að ákveða að hluthafafundur verði aðeins haldinn rafrænt.

Telji stjórnin gerlegt að halda fundinn algjörlega rafrænt með viðeigandi búnaði og gefa hluthöfum þannig kost á þátttöku í fundarstörfum og atkvæðagreiðslu skulu í fundarboði koma fram upplýsingar um nauðsynlegan tæknibúnað fyrir hluthafa til þátttöku, auk upplýsinga um það hvernig hluthafar tilkynni um rafræna þátttöku sína og hvar þeir nálgist upplýsingar, leiðbeiningar og aðgangsorð til þátttöku í fundinum. Jafngildir innslegið aðgangsorð í tölvuforrit, undirskrift viðkomandi hluthafa og telst staðfesting á þátttöku hans í hluthafafundinum.

Ef stjórn telur ekki framkvæmanlegt að gefa hluthöfum kost á þátttöku í hluthafafundi rafrænt skal hluthöfum gefinn kostur á að greiða atkvæði um tillögur eða taka þátt í kosningum bréflaga. Skal í fundarboði kveðið á um hvernig slík atkvæðagreiðsla verði framkvæmd. Geta hluthafar óskað eftir að fá atkvæði send sér og skal skrifleg beiðni þar um hafa borist skrifstofu félagsins 5 dögum fyrir auglýstan hluthafafund. Einnig geta hluthafar vitjað atkvæðaseðla sinn á skrifstofu félagsins frá sama tíma eða greitt þar atkvæði.

13. gr.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins sl. starfsár.
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda félagsins lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um meðferð hagnaðar eða taps félagsins á reikningsárinu.
4. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir næsta starfsár og til endurskoðanda fyrir liðið starfsár.
5. Tillögur félagsstjórnar um starfskjarastefnu.
6. Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins, ef borist hafa.
7. Kosning stjórnar.
8. Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfélags, sbr. 23. gr.
9. Önnur mál.

Ef hluthafar sem ráða yfir minnst 1/3 hlutafjárins krefjast þess skriflega á aðalfundi, skal fresta ákvörðun um liði 2 og 3 til framhaldsaðalfundar, sem haldinn skal í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi tveimur mánuðum síðar. Frekari frests er ekki unnt að krefjast.

14. gr.

Aðra hluthafafundi skal halda þegar stjórn félagsins þykir ástæða til, skv. fundarályktun, eða ef kjörinn endurskoðandi eða hluthafar sem ráða yfir minnst 1/10 hlutafjárins krefjast þess skriflega og greina fundarefni, enda skal þá boða til hluthafafundar innan fjórtán daga frá því að krafan kom stjórninni í hendur.

Til hluthafafunda skal boða með minnst viku fyrirvara og lengst fjögurra vikna fyrirvara. Boða skal hluthafafundi með auglýsingu í dagblöðum eða á annan sannanlega hátt. Um lögmati annarra hluthafafunda en aðalfundar skulu gilda sömu reglur og um lögmati aðalfundar, sbr. 3. mgr. 12. gr.

15. gr.

Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi, ef hann gerir skriflega kröfu um það til félagsstjórnar með það löngum fyrirvara, að unnt sé samkvæmt samþykktum þessum að taka málið á dagskrá fundarins.

Í fundarboði skal greina málefni þau, sem taka á til meðferðar á hluthafafundi. Viku fyrir hluthafafund hið skemmsta skal dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningur, skýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðanda sé um aðalfund að ræða, lögð fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins.

Mál sem hafa ekki verið greind í dagskrá hluthafafundar, er ekki unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum nema með samþykki allra hluthafa félagsins, en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn. Þótt máls hafi ekki verið getið í dagskrá er það því ekki til fyrirstöðu að ákveðið sé að boða til aukafundar til að fjalla um málið, auk þess sem aðalfundur getur ávallt afgreitt mál sem skylt er að taka þar til meðferðar samkvæmt lögum eða félagssamþykktum.

Löglega frambornar viðauka- og breytingatillögur má bera upp á fundinum sjálfum, enda þótt þær hafi ekki legið frammi hluthöfum til sýnis.

16. gr.

Formaður stjórnar félagsins setur hluthafafundi og stjórnar kjöri fundarstjóra. Fundarstjóri stjórnar hluthafafundum og kjöri fundarritara. Fundarstjóri athugar í upphafi fundarins, hvort löglega hafi verið til hans boðað, þannig að fundur sé lögmætur og lýsir yfir hvort svo sé. Hann stýrir öllum umræðum og atkvæðagreiðslum.

Þegar fundur hefur verið settur, skal gerð skrá yfir hluthafa og umboðsmenn hluthafa, sem fund sækja, til þess að ljóst sé hversu mörgum hlutum og atkvæðum hver þeirra ræður yfir. Skrá þessi skal notuð þar til hluthafafundur kann að breyta henni.

17. gr.

Fundarritari heldur fundargerðabók. Í fundargerðabók skal skrá ákvarðanir hluthafafundar ásamt úrslitum atkvæðagreiðslna. Skrá yfir viðstadda hluthafa og umboðsmenn þeirra skal færð í fundargerðabók eða fylgja henni. Fundargerð skal lesa upphátt fyrir fundarlök og skrá þar athugasemdir ef fram koma. Fundarstjóri og fundarritari skulu undirrita fundargerðabók.

Í síðasta lagi fjórtán dögum eftir hluthafafund skulu hluthafar eiga aðgang að fundargerðabók eða staðfestu endurríti fundargerða á skrifstofu félagsins. Fundargerðabók skal varðveitt með tryggilegum hætti.

Skráðar fundargerðir skulu vera full sönnun þess sem gerst hefur á fundum.

18. gr.

Á hluthafafundi fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutfé.

Á hluthafafundum ræður afl atkvæða nema öðru vísi sé fyrir mælt í samþykktum þessum eða landslögum. Nú verða atkvæði jöfn við kosningar í félaginu og ræður þá hlutkesti úrslitum. Atkvæðagreiðslur skulu vera skriflegar ef einhver atkvæðisbærra fundarmanna krefst þess.

Samþykki allra hluthafa þarf til þess:

- a) Að skylda hluthafa til þess að leggja fram fé og annað í félagsparfir fram yfir skuldbindingar sínar.

- b) Að skylda hluthafa til að þola lausn hluta sinna að einhverju leyti eða öllu, nema að félaginu sé slitið eða hlutaféð löglega fært niður.
- c) Að takmarka heimild manna til meðferðar á hlutum sínum umfram það, sem greinir í 9. gr. samþykktu þessara.
- d) Að breyta tilgangi félagsins að verulegu leyti.
- e) Að breyta ákvæðum samþykktanna um forréttindi, um atkvæðisrétt, ef forgangshlutabréf skyldu verða gefin út, eða um hlutdeild manna í félaginu eða jafnrétti sin í milli.

IV. kafli **Stjórn félagsins**

19. gr.

Stjórn félagsins skipa að hámarki fimm og að lágmarki þrjú menn sem kosnir skulu árlega á aðalfundi. Enginn varamaður skal skipaður. Um hæfi stjórnarmanna fer samkvæmt lögum um hlutafélög. Þeir sem gefa kost á sér til setu í stjórn félagsins skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins eigi síðar en fimm dögum fyrir upphaf hluthafafundar þar sem stjórnarkjör er á dagskrá.

Í tilkynningu um framboð til stjórnar skal gefa, auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfangs, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.

Félagsstjórn skal fara yfir framboðstilkynningar og gefa hlutaðeigandi, með sannanlegum hætti, kost á því að bæta úr þeim göllum sem eru á tilkynningunni innan tiltekins frests sem eigi má vera lengri en 24 klukkustundir. Ef ekki er bætt úr göllum á framboðstilkynningunni innan tiltekins frests, úrskurðar félagsstjórn um gildi framboðs. Unnt er að skjóta niðurstöðu félagsstjórnar til hluthafafundar sem fer með endanlegt úrskurðarvald um gildi framboðs.

Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar skulu lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins eigi síðar en 2 dögum fyrir hluthafafund.

Ef tillögur koma fram um fleiri menn í stjórn en kjósa ber skal beita margfeldiskosningu við kjörið.

Stjórn félagsins kys sér formann og skiptir með sér verkum eftir því sem þurfa þykir.

20. gr.

Formaður kveður stjórnina til funda og stýrir þeim. Fundi skal halda hvenær sem hann telur þess þörf. Formanni er auk þess skylt að boða stjórnarfund að kröfu eins stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra. Stjórnarfundir eru lögmatir ef meirihluti stjórnar er mættur. Afl atkvæða ræður úrslitum. Falli atkvæði jafnt ræður atkvæði formanns.

Stjórnendur skulu halda gerðarbók um það sem gerist á stjórnarfundum og staðfesta hana með undirskrift sinni.

21. gr.

Stjórn félagsins hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda.

Stjórn félagsins ræður félaginu framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans. Félagsstjórn og framkvæmdastjóri fara saman með stjórn félagsins.

Einungis félagsstjórn getur veitt prókúruumboð fyrir félagið.

Undirskrift tveggja stjórnarmanna skuldbindur félagið. Að öðru leyti fer um völd, ábyrgð og störf stjórnar samkvæmt lögum og starfsreglum er stjórn skal setja sér.

22. gr.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum, sem félagsstjórn hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana, sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá félagsstjórn, nema ekki sé unnt að biða ákvarðana félagsstjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi félagsins. Í slíkum tilvikum skal félagsstjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.

Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald og fjárreiður séu í samræmi við lög og góðar venjur og að meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.

Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn félagsins. Hann segir og upp starfsmönnum og fjallar um launamál þeirra.

V. kafli Reikningar og endurskoðun

23. gr.

Á aðalfundi skal kjósa félaginu til eins árs í senn einn löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag. Endurskoðanda má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna. Um hæfi og hlutgengi endurskoðanda fer að öðru leyti að lögum.

24. gr.

Starfsár félagsins og reikningsár er frá 1. nóvember – 31. október. Stjórn félagsins og framkvæmdastjóri skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár og skal hann hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, fjárstreymisyfirlit og skýringar.

Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju, bæði að því er varðar mat á hinum ýmsu liðum, uppsetningu, sundurliðun, skýringar og heiti liða.

25. gr.

Endurskoðandi skal endurskoða ársreikning félagsins í samræmi við góða endurskoðunarvenju og í því sambandi kanna bókhaldsgögn félagsins og aðra þætti er varða rekstur þess og stöðu.

Endurskoðandi skal að lokinni endurskoðun árita ársreikninginn og skal áritunin fylgja ársreikningnum sem skýrsla hans.

VI. kafli Breytingar á samþykktum félagsins

26. gr.

Samþykktum þessum má breyta á lögmætum aðalfundi eða öðrum hluthafafundi með atkvæðum hluthafa, er ráða yfir 2/3 hlutum hið minnsta af því hlutfé í félaginu, sem mætt er fyrir á fundinum, enda sé annað atkvæðamagn ekki áskilið í samþykktum félagsins eða landslögum.

Tillagna um breytingar á samþykktum skal geta í fundarboði.

VII. kafli Slit á félaginu

27. gr.

Með tillögur um skipti og slit á félaginu skal fara með líkt og um breytingar á samþykktum þessum. Hið sama á við um hvers konar samruna eða sameiningu félagsins við önnur félög og um sölu á öllum eignum þess.

Ákvörðun um félagsslit skal tekin af hluthöfum, er ráða yfir minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins. Hluthafafundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um að slíta eða skipta félaginu skal ákveða hvort skiptaréttur eða skilanefnd, kosin á hluthafafundi, skuli stýra skiptunum.

Hafi hluthafafundur tekið ákvörðun um félagsslit, skal þegar í stað tilkynna hlutafélagsskrá þá ákvörðun.

VIII. kafli Önnur ákvæði

28. gr.

Þar sem ákvæði samþykkt þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið, skal fara samkvæmt ákvæðum laga um hlutafélög og ákvæðum annarra laga eftir því sem við á.

Samþykktum þessum var síðast breytt á aðalfundi sem haldinn var 27. febrúar 2007.

Reykjavík, 27. febrúar 2007.